

REGLUGERÐ
um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1155/2013
um styrki vegna hjálpartækja.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjalinu „Hjálpartæki Sjúkratrygginga Íslands“ með reglugerðinni:

Á flokknum **21 Hjálpartæki til tjáskipta, upplýsinga og viðvörunar** verður eftirfarandi breyting:

3. tölul. í flokknum *2151 Viðvörunarkerfi. Öryggiskallkerfi* orðast svo:

Greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga Íslands tekur aðeins til íbúða þar sem Sjúkratryggingar Íslands eða aðrir opinberir aðilar greiða ekki kostnað af rekstrinum eða annast þjónustu/gæslu að einhverju eða verulegu leyti s.s. ef íbúð er samtengd eða í næsta nágrenni við slíka þjónustu/gæslu sem stendur til boða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 15. ágúst 2019.

Svandís Svavarsdóttir.

Elsa B. Friðfinnsdóttir.